

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Langholt á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 14. desember 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Langholt 1. Helsta breytingin er sú að bætt er við nýrri innkeyrslu á lóðina gegnt Miðholti. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún muni bæta það tjón sem breytingin kunni að valda einstökum aðilum.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 3. janúar 2005.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.